

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/40/EB

frá 25. júní 1996

um að taka upp sameiginlega fyrirmynd að kennivottorði fyrir skoðunarmenn sem sjá um hafnarríkisefirlit

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkisefirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyrar undir lögsögu aðildarríkjanna ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 95/21/EB er kveðið á um að útbúið skuli sameiginleg fyrirmynd að kennivottorði fyrir skoðunarmenn við hafnarríkisefirlit.

Kennivottorðið skal innihalda að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar: nafn yfirvaldsins sem gefur út vottorðið, fullt nafn handhafa kennivottorðsins, mynd af handhafa kennivottorðsins, undirskrift handhafa kennivottorðsins og yfirlýsingu þess efnis að handhafinn hafi leyfi til að framkvæma skoðanir í samræmi við innlend lög sem samþykkt eru með hliðsjón af tilskipuninni.

Ef enska er ekki aðal tungumálið sem er notað er nauðsynlegt að hafa þýðingu á ensku á kennivottorðinu til að gera skipstjóra og áhöfn skipsins kleift að bera kennsl á skoðunarmanninn.

Aðildarríkin skulu ákveða útlit kennivottorðsins.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE ⁽²⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Kennivottorðið sem um getur í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 95/21/EB skal fullnægja kröfunum sem eru tilgreindar í viðaukanum.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. febrúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júní 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 157, 7. 7. 1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 247, 5. 10. 1993, bls. 19.

VIÐAUKI

**KRÖFUR VEGNA KENNIVOTTORÐS FYRIR SKOÐUNARMENN VIÐ
HAFNARRÍKISEFTIRLIT**

(sem um getur í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 95/21/EB)

Kennivottorðið skal innihalda að minnsta kosti eftirfarandi:

- a) Nafn yfirvaldsins sem gefur út vottorðið
- b) Fullt nafn handhafa kennivottorðsins
- c) Nýlega mynd af handhafa kennivottorðsins
- d) Undirskrift handhafa kennivottorðsins
- e) Yfirlýsingu þess efnis að handhafi kennivottorðsins hafi leyfi til að framkvæma skoðanir í samræmi við innlend lög sem samþykkt eru með hliðsjón af tilskipuninni.

Ef enska er ekki aðaltungumálið á kennivottorðinu þarf það að innihalda þýðingu á ensku.

Lögbær yfirvöld skulu ákveða útlit kennivottorðsins.
